



# FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 16. október 2017

## **Samkomulag um sátt vegna brots Adix ehf. á 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki**

Hinn 25. júlí 2017 gerðu Fjármálaeftirlitið og Adix ehf., hér eftir einnig nefndur málsaðili, með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots gegn 40. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 (fftl.).

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 1. mgr. 40. gr. fttl. með því að hafa eignast virkan eignarhlut í Centra Fyrirtækjaráðgjöf hf. án þess að tilkynna kaupin fyrirfram til Fjármálaeftirlitsins.

Málsaðili felst á að greiða sekt að fjárhæð 250.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar.

### **Málsatvik**

Eini eigandi Adix ehf. átti 15,50% eignarhlut í Centra Fyrirtækjaráðgjöf ehf., sem hefur starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki. Árið 2016 setti hann umræddan eignarhlut sinn inn í Adix ehf., án þess að félagið tilkynnti um það fyrirfram til Fjármálaeftirlitsins.

Málsaðili óskaði eftir að ljúka málinu með sátt.

### **Lagagrundvöllur**

Í 1. mgr. 40. gr. fttl. segir m.a. að aðili sem hyggst eignast, einn sér eða í samstarfi við aðra, virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín. Í 2. mgr. sömu greinar segir að kaup á virkum eignarhlut geti ekki komið til framkvæmda fyrr en tímafrestur Fjármálaeftirlitsins til að yfirfara tilkynninguna sé liðinn eða Fjármálaeftirlitið hefur tilkynnt þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut að hann sé hæfur til að fara með eignarhlutinn.

Virkur eignarhluti er skilgreindur í 21. tölul. 1. gr. a í fttl. sem bein eða óbein hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti, eða gerir kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags.

Við það að eigandi Adix ehf. setti 15,50% eignarhluta sinn í Centra Fyrirtækjaráðgjöf hf. inn í Adix ehf. eignaðist síðastnefnda félagið virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki. Með því að Fjármálaeftirlitinu barst ekki tilkynning þar um fyrr en eftir að kaupin voru komin til framkvæmda braut Adix ehf. gegn 40. gr. fttl.

Brot gegn 40. gr. fttl. geta varðað stjórnvaldssektum, sbr. 20. tölul. 1. mgr. 110. gr. fttl. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota gegn 40. gr. fttl. með sátt enda sé ekki



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 111. gr. ffl. og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt.

### Ákvörðun sektarfjárhæðar

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka málum með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til hugsanlegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar Fjármálaeftirlitið fellst á að ljúka máli með sátt.

Samkvæmt 3. mgr. 110. gr. ffl. skal, við ákvörðun sekta, m.a. tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. alvarleika brots, hvað brot hefur staðið yfir lengi, ábyrgðar hins brotlega hjá lögaðilanum, fjárhagsstöðu hins brotlega, ávinnings af brot eða taps sem forðað er með broti, hvort brot hafi leitt til taps þriðja aðila, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa brotsins, samstarfsvilja hins brotlega, fyrri brota og hvort um ítrekað brot er að ræða.

Við ákvörðun sektarfjárhæðar var litið til þess að mikilvægt er að tryggja að kaupandi að virkum eignarhlut í fjármálafyrirtæki sé hæfur til þess að fara með eignarhlutinn áður en kaupin ganga í gegn og því er skylt að tilkynna um kaupin fyrirfram. Í því máli sem hér er til umfjöllunar var auk þess litið til þess að um var að ræða tilfærslu á eignarhlutum til félags í fullri eigu aðila sem metinn hafði verið hæfur til að fara með virkan eignarhlut í sama fjármálafyrirtæki.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brotsins, fjárhagsstöðu málsaðila, fordæmum og atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt, er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 250.000 kr.

### Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 111. gr. ffl. og reglna nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gefur rangar upplýsingar um málsatvik eða leynir upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili uppvís að því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið fellt það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt, sbr. 52. tölul. 1. mgr. 110. gr. ffl.